

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 109/2020

frá 14. júlí 2020

### um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/436 frá 24. mars 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 906/2009 að því er varðar gildistíma hennar <sup>(1)</sup>.
- 2) XIV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 11c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009) í XIV. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 0436:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/436 frá 24. mars 2020 (Stjtið. ESB L 90, 25.3.2020, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/436, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júlí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júlí 2020.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 90, 25.3.2020, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Sabine Monauni***

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING